

1501033

Fundargerð nr. 174

174. fundur fagraðs Tónlistarskóla Árnesinga haldinn 28.9.2015 kl. 10:30

Mætt: Ágústa Ragnarsdóttir, Ragnar Magnússon, Robert Darling, Helga Sighvatsdóttir og Sandra Dís Hafþórsdóttir.

- 1. Fjárhagsáætlun 2016.** Farið yfir forsendur fjárhagsáætlunar næsta árs, áætlunin er örlítið lægri en áætlun ársins 2015 og skýrist það af því að rauntölur 2015 voru heldur lægri en áætlun gerði ráð fyrir og flyst mismunurinn því á milli ára. Einhver óvissa er vegna kjarasamninga sem eru lausir. Áætlun samþykkt.
- 2. Starfsmannamál.** Róbert og Helga fóru yfir breytingar í starfsmannamálum. Jörg Sonderman lætur af störfum við skólann 1. okt næstkomandi eftir 18 ára starf. Honum eru færðar bestu þakkir fyrir samstarfið.
- 3. Gjafir til skólans.** Skólanum hafa borist nokkrar gjafir það sem af er ári. Hjörtur Þórarinsson færði skólanum kr. 60.000 að gjöf í tilefni af 60 ára afmæli skólans. Rótarýklúbbur Selfoss færði skólanum kr. 300.000 í hljóðfærarsjóð skólans, einnig í tilefni af 60 ára afmæli hans.
- 4. Húsnæðismál.** Rætt um húsnæði skólans og nýtingu á sal í húsnæði TÁ að Eyravegi. Salurinn er nánast fullnýttur alla daga vikunnar.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 11:00/sdh

Ágústa Ragnarsdóttir

Ragnar Magnússon

Robert Darling

Helga Sighvatsdóttir

Sandra Dís Hafþórsdóttir